

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 153/2010 um takmörkun á inntöku
nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands.**

1. gr.

Á eftir 3. gr. reglnanna bætist við ný grein, 3. gr. a, sem ásamt fyrirsögn orðast svo:

Takmörkun á inntöku nemenda í námsgreinar viðskiptafræðideildar.

Fjöldi nýrra nemenda í MS-námi í nýsköpun og viðskiptaþróun takmarkast við töluna 10.

Nemendur sem hefja MS-nám í nýsköpun og viðskiptaþróun skulu hafa lokið fyrsta háskólaprófi, BA, B.Ed., BS eða sambærilegu prófi, með fyrstu einkunn.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn verða nemendur valdir af inntökunefnd þriggja kennara. Val nemenda skal byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a. Einkunnum í háskóla.
- b. Starfsreynslu.
- c. Persónulegri greinargerð um forsendur og áhugasvið.
- d. Meðmælum frá vinnuveitanda ef viðkomandi hefur starfsreynslu, annars frá kennara umsækjanda í háskóla.
- e. Persónulegum viðtolum þegar þurfa þykir.
- f. Að auki er heimilt að líta til dreifingar umsækjenda hvað varðar fyrstu prófgráðu.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fenginni tillögu félagsvísindasviðs, gilda frá og með háskólaárinu 2014-2015 og eru settar samkvæmt heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Háskóla Íslands, 17. mars 2014.

Kristín Ingólfssdóttir.

Pórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2014